

## Fyrirspurn

til menntamálaráðherra um starfsemi öldungaeilda.

Frá Margréti Frímansdóttur.

1. Við hve marga framhaldsskóla voru starfræktar öldungaeildir fyrir fimm árum? Hver hefur þróunin verið og hve margar eru slíkar deildir nú?
2. Hver er heildarfjöldi nemenda sem skráðir hafa verið í nám í öldungaeildum síðustu fimm ár, sundurliðað eftir skólum og árum?
3. Hver er þróun framlaga ríkisins á hvern innritaðan nemanda í öldungaeildum síðustu fimm ár, sundurliðað eftir skólum og árum?
4. Eru fyrirhugaðar aðgerðir til þess að styrkja nám í öldungaeildum sérstaklega? Ef svo er, hvenær er þeirra að vænta?

Skriflegt svar óskast.